

UNDIRGÖNG UNDIR REYKJANESBRAUT Á MÓTS VIÐ STRAUMSVÍK, HAFNARFJARÐARBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging undirganga á mótum Reykjanesbrautar og Víkurgötu (afleggjara að álverinu í Straumsvík) og gerð að- og fráreina sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðarkaupstaðar 2005-2025, en gert er ráð fyrir henni í breytingu á skipulaginu sem nú er í auglýsingu. Einnig er nú í auglýsingu breyting á deiliskipulagi vegna framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun áréttar skyldur Vegagerðarinnar samkvæmt 10. og 13. gr. Þjóðminjalaga og bendir einnig á að það efni sem sækja þarf út fyrir framkvæmdasvæðið ber að taka á efnistökusvæðum, sem eru í samræmi við skipulag og eftir því sem við á uppfylla skilyrði um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til **12. september 2011**.

INNGANGUR

Þann 11. júlí 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um gerð undirgangna undir Reykjanesbraut við Straumsvík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 9. ágúst 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 26. júlí 2011, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 18. júlí 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. júlí 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að byggð verði undirgöng undir Reykjanesbraut, um 85 m austan við núverandi gatnamót Reykjanesbrautar og Víkurgötu (afleggjara að álverinu í Straumsvík). Göngin verði 9 m breið og 23 m löng. Jafnframt verði unnið við breytingar á Reykjanesbraut á tæplega tveggja kílómetra kafla og lagður nýr vegur vegna að- og fráreyna, sem tengist Víkurgötu um undirgöngin (samtals 0,6 km). Eyja verði sett á gatnamót Víkurgötu til að stýra umferð inn á Reykjanesbraut og vegrið sett á Reykjanesbraut til að aðskilja akstursstefnur við gatnamótin. Þar sem vegrið verði þurfi að breikka Reykjanesbraut um þrjá metra vegna miðdeilis og allt að 1,5 m til viðbótar vegna að- og fráreynar sunnan Reykjanesbrautar. Einnig verði veglýsing við gatnamótin bætt. Fram kemur að efnispörf í verkið verði tæplega 14.000 m³, þar af 11.500 m³ í vegagerð, 1.000 m³ í undirgöng og 1.500 m³ í bráðabirgðavegi. Efnið verði tekið úr námu (3.500 þús. m³) og vegskeringum (9.700 m³). Áætlað sé að framkvæmdir hefjist 2011 og þeim ljúki árið 2012.

Fram kemur að markmið framkvæmdarinnar sé að auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut og tryggja greiðari samgöngur.

Áhrif á náttúrufar. Fram kemur að framkvæmdin muni verða í jaðri hverfisverndarsvæðis Straumsvíkur og Óttarsstaða sem einkennist af fjöru, strönd og tjörnum með söltu og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík. Hraun við Straumsvík og umhverfis Þorbjarnarstaði séu að mestu klædd gamburmosa en næst fornum bújörðum og selstöðum séu grónir grasbalar. Gróður við tjarnirnar í innanverðri Straumsvík sé einstakur og hafi náð að aðlagast ísöltu vatni frá því að hraun rann um svæðið fyrir 5-7 þúsund árum. Fram kemur að ekki hafi verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla sé að finna á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd muni að stórum hluta vera á svæði sem hafi þegar verið raskað og Vegagerðin muni græða upp jafn stórt gróðursvæði og það sem raskist við framkvæmdina. Því verði neikvæð áhrif á gróður ekki veruleg þó gróðurlendi muni hverfa undir fyrirhuguð mannvirki. Á framkvæmdatíma verði tímabundin neikvæð áhrif á fugla en þau verði óveruleg.

Fram kemur að framkvæmdin muni raska hluta af Kapelluhrauni. Á undanförunum árum hafi mikið efni verið tekið úr hrauninu til uppfyllingar í húsgrunna og götur á Höfuðborgarsvæðinu og hraunið sléttað. Þar sem Reykjanesbraut verði breikkuð í hrauninu vegna fráreyningar undirgöngum, verði reynt að raska ósnertu hrauni sem minnst.

Áhrif á vatnafar. Fram kemur að framkvæmdin muni ekki raska votlendi, fjöru, strönd eða tjörnum. Hætta á mengunarslysi muni aukast á framkvæmdatíma en að framkvæmdum loknum muni hætta á mengunarslysum verða minni því gatnamót Reykjanesbrautar og Víkurgötu verði öruggari en nú sé. Framkvæmdin mun því ekki hafa áhrif á vatnsbúskap á svæðinu.

Áhrif á fornleifar. Fram kemur að fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi verið skráðar árið 2001 í tengslum við tvöföldun Reykjanesbrautar. Byggðasafn Hafnarfjarðar hafi óskað eftir álitni Fornleifaverndar ríkisins á fyrirhuguðum framkvæmdum við ný undirgöng undir Reykjanesbraut við Straumsvík. Stofnunin hafi lagt til mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar (sjá umfjöllun um umsögn Fornleifaverndar ríkisins í kaflanum „*Álit umsagnaraðila og viðbrögð framkvæmdaraðila*“).

Fornleifarnar séu eftirfarandi:

1. Heimildir segi að túngarður um býlið Lambhaga (fornleif GK-167.015) sé norðan Reykjanesbrautar á þeim stað sem nýr vegur um undirgöng muni liggja. Garðurinn sjáist þó ekki á yfirborði, en ef hann leynist undir sverði verði garðurinn í mikilli hættu vegna vegaf framkvæmdanna. Fram kemur að Vegagerðin muni láta grafa könnunarskurð til að sannreyna heimildir um túngarðinn og bera niðurstöður könnunarinnar undir Fornleifavernd ríkisins, sem þá muni taka afstöðu til hvort frekari rannsókn sé þörf.

2. Vestan við Víkurgötu, um 80 m frá Reykjanesbraut, sé tóft (fornleif GK-167:030), sem ekki verði í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Fram kemur að ef syðsti kafla Víkurgötu verði fjarlægður muni Vegagerðin gæta þess að tóftinni verði ekki raskað vegna þeirra framkvæmda.

3. Á vegamótum Reykjanesbrautar og Víkurgötu séu leifar túngarðs, vestan mótanna og einnig séu heimildir um að þar hafi verið fjárhús (fornleifar GK-167:035 og 037). Fornleifarnar verði ekki í hættu vegna framkvæmdanna.

4-5. Sunnan við Reykjanesbraut og á móts við fornleifar GK-167:035 og 037 sé hlaðin brú (Steinbogi) yfir tjörn (fornleif GK-167:047) og í framhaldi af brúnni sé L-laga einhlaðið garðlag. Hleðslubrúin verði í innan við tíu metra fjarlægð frá aðrein að fyrirhuguðum undirgöngum en garðurinn lengra frá. Fram kemur að Vegagerðin muni girða brúna af meðan á framkvæmdum standi, sem jafnframt ætti að draga úr hættu á að garðurinn raskist.

6-7. Á móts við vegamót Reykjanesbrautar og Víkurgötu séu leifar af fornri hleðsla um 20 til 30 m sunnan við Reykjanesbraut (fornleif GK-167:038), sem verði nærri ytri mörkum fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Vestan við hana og fjær Reykjanesbraut séu aðrar leifar af hleðslu (fornleif GK-167:041). Fram kemur að Vegagerðin muni merkja fornleifarnar til að fyrirbyggja að þær raskist meðan á framkvæmdum standi.

8. Heimild sé fyrir gamalli leið, Ólafsstígur (fornleif GK-167.021), sunnan Reykjanesbrautar á þeim stað sem fyrirhugað sé að aðrein að undirgöngum muni liggja. Engin merki sjáist þó um fornleifarnar þar sem þegar sé búið að umturna svæðinu þar sem aðreinin verði lögð. Því sé ekki þörf á mótvægisáðgerðum vegna Ólafsstígs.

Fram kemur að auk framangreindra fornleifa séu aðrar þrjár innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæði, sem engin merki finnast lengur um (hesthús, fornleif GK-167:012), eða ekki lengur sýnilegar (Aukatúngarður, fornleif GK-167:011 og Lambhagastígur, fornleif GK-167:014). Í því sambandi vísar Vegagerðin í 13. gr. þjóðminjalaga, sem kveður á um að ef fornleifar finnast skuli stöðva framkvæmdir uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Áhrif á landslag. Fram kemur að landslagi á framkvæmdasvæðinu hafi verið raskað vegna stóriðju, vegagerðar og efnistöku úr hrauninu sunnan Reykjanesbrautar á móts við álverrið. Skörp skil séu á milli manngerðs og náttúrulegs umhverfis þar sem norðan vegar sé bygging Álversins í Straumsvík en vestan álversins sé svæði á náttúruminjaskrá þar sem landslagið sé fjölbreytt. Helstu neikvæðu áhrifin verði á svæði sunnan við Reykjanesbraut og vestan við afleggjara að álverinu þar sem ennþá er óraskað hraun. Óraskað hraun og gróður muni lenda

undir fyllingum og einnig hluta skeringa. Lækka þurfi land við undirgöngin um allt að sex metra og til að draga úr sjónrænum áhrifum undirganganna verði kantar og brekkur hafðar aflíðandi. Að framkvæmdum loknu verði haft samráð við Umhverfisstofnun og skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar varðandi frágang og þörf á sáningu í vegkanta. Vegkantar verði fljótir að gróa upp og sjónræn áhrif framkvæmdarinnar hverfi fljótt. Fram kemur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á landslag og útsýni, séð frá nýja veginum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að á framkvæmdatíma muni umferð um svæðið tefjast. Útbúnir verði bráðabirgðavegir framhjá undirgöngunum meðan þau verði í byggingu og reynt verði að koma í veg fyrir að vegurinn lokist. Fram kemur að um fyrirhugað framkvæmdasvæði liggi raflínur, ljósleiðari og vatnslagnir frá Höfuðborgarsvæðinu að Álverinu í Straumsvík og vestur á Reykjanes. Framkvæmdin muni hafa mikil áhrif á lagnir á svæðinu en dregið verði úr neikvæðum áhrifum með góðum undirbúningi og samráði við HS veitur, Mílu og Vatnsveitu Hafnarfjarðar. Fram kemur að minnsta veghæð norðan við undirgöngin verði um 2,8 m y.s. og hætta sé á grunnvatnsflóðum í göngunum, sem geti haft áhrif á umferð um svæðið. Aætlað hafi verið að það geti gerst á um 10 ára fresti, en oftar í vegskurðum.

Áhrif á hljóð- og loftgæði. Fram kemur að á framkvæmdatíma muni hávaði og loftmengun aukast á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla. Engin íbúabyggð sé hins vegar nálægt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að í Aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar 2005-2025 sé ekki gert ráð fyrir göngum undir Reykjanesbraut við Álverið í Straumsvík. Breyta þurfi aðalskipulaginu og deiliskipulagi og verði unnið samhlíða að þeim breytingum.

Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum. Fram kemur að Vegagerðin muni hafa samráð við ýmsa aðila og haga framkvæmdum á þann hátt að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst. Framkvæmdasvæðið verði takmarkað eins og hægt verði. Að framkvæmdum loknum verði haft samráðið við Skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar og Umhverfisstofnun um frágang sem gera muni mannvirkin eins lítið áberandi og kostur sé. Áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufar svæðisins verði óveruleg og framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Hafnarfjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð framkvæmd verði á eldhrauni, sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en fyrri framkvæmdir við vegagerð og efnistöku á svæðinu hafi nú þegar raskað fyrirhuguðu framkvæmdasvæði að mestu leyti. Engu að síður eigi að haga framkvæmdum þannig að hraunið raskist ekki frekar en nauðsyn krefji. Einnig bendir stofnunin á að hluti framkvæmdarinnar verði innan svæðis á náttúruminjaskrá, þar sem tjarnir með fersku og ísölu vatni í innanverðri Straumsvík hafi einstæð lífsskilyrði fyrir fuglalíf. Samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar verði hvorki fjörum, ströndum eða tjörnum raskað né grunnvatni svæðisins og telur Umhverfisstofnun því litlar líkur á að tjarnir við Straumsvík verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna framkvæmdarinnar.

Fornleifavernd ríkisins vísar í svar við beiðni Bygðasafns Hafnarfjarðar um álit stofnunarinnar á fyrirhuguðum framkvæmdum. Þar kemur fram að gera þurfi ráðstafanir vegna fornleifa með eftirfarandi hætti:

Grafa þurfi könnunarskurð til staðfestingar á fornleifum: Túngarður um býlið Lambhaga (GK-167:015).

Girða þurfi af fornleifar meðan á framkvæmdum standi: Steinbogi eða hlaðin brú yfir tjörn í Aukatúni (GK-167:047) og garðlag í framhaldi af brúnni.

Merkja þurfi fornleifar meðan á framkvæmdum standi: Hleðsla sunnan við Reykjanesbraut (GK-167:038) og leifar af hleðslu vestan við hana (GK-167:041).

Varúð við frágang að framkvæmdum loknum: Vestan við veginn að álverinu sé tóft (GK-167:030), sem ekki megi raska ef núverandi vegur verði fjarlægður.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða vegagerð innan svæðis á náttúruminjaskrá (nr. 112 Straumsvík). Byggja á 9 m breið og 23 m löng undirgöng undir Reykjanesbraut, austan við núverandi gatnamót Reykjanesbrautar og Víkurgötu (afleggjara að álverinu í Straumsvík). Jafnframt verður unnið við vegagerð á tæplega tveggja kílómetra kafla, þar af um 0,6 km af nýjum vegi (að- og frárein undirganga og vegur um göngin að Víkurgötu). Einnig verður veglýsing bætt á Reykjanesbraut við undirgöngin og veglýsing sett á að- og fráreinar við undirgöngin. Efnisþörf vegna verksins verður tæplega 14.000 m³, sem mun að mestu koma úr vegskeringum (9.700 m³) en annað efni verður sótt í námu. Áformað er að framkvæmdir hefjist 2011 og þeim ljúki árið 2012.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að fyrirhuguð undirgöng verða á mörkum iðnaðarsvæðis og svæðis á náttúruminjaskrá, en tjarnir við Straumsvík hafa einstæð skilyrði fyrir lífverur og þar er mikið fuglalíf. Þær njóta einnig hverfisverndar samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Tjarnirnar munu ekki raskast vegna framkvæmdarinnar og litlar líkur eru taldar á því að hún muni hafa neikvæð áhrif á grunnvatn sem til þeirra streymir. Skipulagsstofnun telur því að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg á tjarnir við Straumsvík og vatnafar þeirra.

Fyrir liggur að að- og fráreinar frá göngunum verða á eldhrauni sem búið er að raska með vegagerð og efnistöku. Skipulagsstofnun telur því að neikvæð áhrif vegagerðarinnar á eldhraun verði óveruleg. Stofnunin tekur þó undir umsögn Umhverfisstofnunar um að haga eigi framkvæmdum þannig að hrauni verði ekki raskað umfram það sem nauðsynlegt er.

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda kunni að verða á fornleifar í fyrirhuguðu vegstæði frá undirgöngum að Víkurgötu. Um er að ræða túngarð um býlið Lambhaga (fornleif GK-167:015). Fyrir liggur að Vegagerðin mun láta kanna túngarðinn áður en framkvæmdir hefjast og bera niðurstöður könnunarinnar undir Fornleifavernd ríkisins, sem þá mun taka afstöðu til þess hvort frekari rannsókn sé þörf. Sunnan Reykjanesbrautar eru fornleifar við mörk fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Um er að ræða hlaðna brú yfir tjörn í Aukatúni (fornleif GK-167:047) og garðlag í framhaldi af brúnni og einnig hleðslur austan við brúna (fornleifar GK-167:038 og GK-167:041). Þessar fornleifar mun Vegagerðin girða af og merkja eins og Fornleifavernd ríkisins gerir kröfur um í umsögn sinni. Skipulagsstofnun telur því líklegt að neikvæð áhrif framkvæmdanna á fornleifar verði óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging undirganga á mótum Reykjanesbrautar og Víkurgötu (afleggjara að álverinu í Straumsvík) og gerð að- og fráreina sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulag Hafnarfjarðarkaupstaðar 2005-2025, en gert er ráð fyrir henni í breytingu á skipulaginu sem nú er í auglýsingu. Einnig er nú í auglýsingu breyting á deiliskipulagi vegna framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun áréttar skyldur Vegagerðarinnar samkvæmt 10. og 13. gr. þjóðminjalaga og bendir einnig á að það efni sem sækja þarf út fyrir framkvæmdasvæðið ber að taka á efnistökusvæðum, sem eru í samræmi við skipulag og eftir því sem við á uppfylla skilyrði um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. september 2011.

Þóroddur F. Þóroddson

Sigmar Arnar Steingrímsson